

**Námsáætlun fyrir ensku - 4. bekkur  
skólaárið 2021-2022**



**Kennari:** Helga Björk Sigurðardóttir

**Tímafjöldi:** 1 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 4. bekkjar geti nemandi:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Hlustun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilið einfalt talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf og skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl.</li> </ul>	Nemendur hlusta á fyrirmæli kennara. Nemendur hlusta á margvísleg verkefni úr námsefninu.	Hlustunarverkefni.
<b>Lesskilningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesið sér til gagns stutta og auðlesna texta, fundið lykilupplýsingar í stuttum textum í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</li> </ul>	Textar lesnir og nemendur læra nýjan orðaforða. Nemendur vinna fjölbreytta texta í vinnubókum. Nemendur lesa og þýða mismunandi texta.	Glósupróf, skilningskannanir og verkefni.
<b>Samskipti/frásögn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans, sagt frá reynslu og eigin skoðunum, haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða, beitt algengustu kurteisisvenjum,</li> </ul>	Nemendur ræða saman einfalda hluti á ensku úr námsefninu. Nemendur segja frá sjálfum sér á ensku. Nemendur segja frá texta sem þau hafa lesið á ensku.	Virgni metin

<b>Ritun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað stutta texta með stuðningi gátlista og fyrirmynda.</li> </ul>	Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.	Verkefni metin. Símat.
<b>Menningarlæsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað sé líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.</li> </ul>	Nemendur kynast menningarheimi enskumælandi landa í gegn um námsefnið.	Virkni metin. Símat.
<b>Sjálfstæði og samvinna</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.</li> <li>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li> <li>• Unnið vel og farið eftir fyrirmælum.</li> <li>• Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.</li> </ul>		
<b>Námsgögn:</b> Speak out Work out Námsefni frá kennara. Ýmis verkefni í Seesaw.			
<b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.			